Höfðar til fólks í öllum starfsgreinum!
Morgunbladid

Morgunbladid

BOEING 737-400
Efstir á blaði
FLUGLEIÐIR

MORGUNBLADID, ADALSTRÆTI 6, 101 REYKJAVÍK
TELEX 2127, PÓSTFAX 681811, PÓSTHÓLF 1555 / AKUREYRI: HAFNARSTRÆTI 85

SUNNUDAGUR 17. SEPTEMBER 1989

VERÐ Í LAUSASÖLU 90 KR.

Stal skjalatösku úr bíl

Skjalatösku með ýmsum verðmætum í sem metin eru á um 60 þúsund krónur, var stolið úr bíl síðdegis á föstudag. Þriggja ára barn sat eitt í bílnum.

Móðir þess hafði farið að reka erindi og skilið bílinn eftir í gangi ólæstan. Þegar hún kom til baka sagði barnið að maður hefði komið inn í bílinn og stolið töskunni. Ekki er vitað hver hann er. RLR vinnur að málinu.

Slysadeild:

Þrír á dag með áverka af völdum ofbeldis

OFBELDI, bæði á götum úti og á heimilum, virðist fara mjög í vöxt í borginni. Samkvæmt upplýsingum frá Slysadeild Borgarspítalans komu að meðaltali nær þrír einstaklingar á dag að meðaltali fyrstu sex mánuði þessa árs með áverka vegna ofbeldis. Og samkvæmt upplýsingum lögreglunnar hefur orðið merkjanleg aukning á árinu á kærum vegna líkamsárása.

Flestar líkamsárásir eiga sér stað í miðbæ Reykjavíkur að kvöldi til um helgar. Lögreglan í Reykjavík hefur nú skipað starfshóp, skipaðan fimm mönnum, sem ætlað er að kanna ástandið í miðbænum og koma með tillögur til úrbóta. Á hópurinn að skila af sér áliti í nóvember.

Allt árið í fyrra komu rúmlega 2000 manns á Slysadeild með það sem flokkast undir „áverka af hendi annarra". Og á fyrstu sex mánuðum þessa árs var fjöldinn tæplega 1100 manns. Tryggvi Þorsteinsson læknir segir að af þeim tæplega 1100 sem til meðferðar komu í ár hefðu flestir verið með meiðsl sem þeir höfðu hlotið á eða við skemmtistaði, eða alls 334 einstaklingar. Næst stærsti hópurinn var af heimilum eða 253 talsins. Hér er um meiðsli vegna ofbeldis að ræða. Samtals má því segja að nær þrír einstaklingar á dag leiti til Slysadeildar af þessum sökum.

Sjá nánar á bls.10-11.



Morgunblaðið/Sverrir

Davíð Oddsson borgarstjóri þakkar Erró listaverkagjöf hans til borgarinnar. Til vinstri er Hulda Valtýsdóttir, formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar sem opnaði sýningu á verkum Errós á Kjarvalstöðum í gær.

Saltsíldarviðskipti:

Svíar og Finnar kaupa 60-70 þús. tunnur

Síldarútvegsnefnd hefur samið við Svía og Finna um kaup þeirra á 60-70 þúsund tunnum af saltsíld, sem er svipað magn og þeir keyptu fyrirfram í fyrra, miðað við hausskorna og slógdregna síld.



Um er að ræða allmargar tegundir, meðal annars ýmsar tegundir af flakaðri síld, en verð á hefðbundnum tegundum er 6-7% hærra en í fyrra. Verðið er í sænskum krónum og finnskum mörkum, eins og áður.

Sala á flakaðri saltsíld til Norðurlandanna hefur aukist á undanförnum árum. Síldin hefur bæði verið ferskflökuð á söltunarstöðvunum og flökuð eftir að hún hefur verið fullverkuð.

Samningaviðræður við Sovétmenn um kaup þeirra á saltaðri síld hafa enn ekki hafist og ekki liggur ljóst fyrir hvenær þeir verða tilbúnir til viðræðna, að sögn Gunnars Flóvenz, framkvæmdastjóra Síldarútvegsnefndar.

Erró um listaverkagjöf sína sem verður kjarninn í listamiðstöð að Korpúlfsstöðum:

Hef í mörg ár hugsað um að gefa þessa gjöf

Í RÆÐU Davíðs Oddssonar borgarstjóra, við opnun sýningar á verkum Errós á Kjarvalsstöðum í gær, kom fram að listamaðurinn hefur ákveðið að gefa Reykjavíkurborg rúmlega 2000 verk er spanna allan hans feril sem listamanns. Gjöfinni fylgir fyrirheit um fleiri verk í framtíðinni.

Af því tilefni hafa borgaryfirvöld ákveðið að safn Errós verði kjarninn í nýrri listamiðstöð sem fyrirhugað er að verði á Korpúlfsstöðum. Að sögn Gunnars B. Kvaran forstöðumanns listasafna Reykjavíkurborgar er verðmæti verkanna talið vera um milljarður.

„Ég hef í mörg ár verið að hugsa um að gefa Reykjavíkurborg þessi verk, en það hefur tekið tíma að koma þessu saman," sagði Erró. „Eldri verkin voru hér heima en þau stærri koma seinna þegar veggplássið er fundið. Ég hef ekkert að gera með hvar myndirnar verða varðveittar, það er annarra að ákveða það. Þetta er gjöf. Henni fylgja engin skilyrði."

Davíð Oddsson sagði, að jafn stórkostlegri gjöf væri ekki hægt að taka við nema af stórhug og að á þessum tíma félli sú krafa vel að þeim hugmyndum er borgaryfirvöld hafa um næstu skref á menningarsviðinu, að Korpúlfsstaðir verði gerðir upp. „Þar verði í framtíðinni menningin mjólkurkýrin og listin lífsmjólkin. Hugmyndin er að taka góðan hluta af því mikla húsi undir safn listamannsins Errós. Annars staðar í húsinu verður rými fyrir margvíslega aðra menningarstarfsemi, jafnt leiklist, höggmyndalist, ritlist og tónlist."

Borgarstjóri þakkaði listamanninum fyrir þessa einstæðu gjöf og sagði að af þrjátíu sjálfsmyndum frá æskuárum Errós væri gjöfin öll besta sjálfsmyndin. Því ætti við að segja: „Hver er sínum gjöfum líkastur."

„Með þessari gjöf tengjumst við heimslistinni því Erró er eina alþjólega nafnið sem við eigum. Menn munu koma hingað til að skoða safn Errós," sagði Gunnar. „Auk þess sem þessi verk munu verða eftirsótt til sýningar í söfnum erlendis og auðvelda okkur um leið að fá hingað verk annarra heimsþekktra listamanna."

Að sögn Gunnars gefur safnið óvenju fullkomna mynd af listamanninum þar sem það er valið af honum sjálfum en oftast eru slík söfn sett saman að listamönnunum látnum. „Söfn í Frakklandi hafa sýnt þessu safni, sem hér er gefið, mikinn áhuga en listamaðurinn sjálfur valdi því stað hér," sagði Gunnar.

Sambandið skuldar Samvinnubankanum 1,6 milljarða króna

KEA skuldar 1,4 milljarða í Landsbankanum

SKULD Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubankanum nemur um 1,6 milljörðum króna og vilja forsvarsmenn Landsbanka og Sambandsins að skuldin verði flutt í Seðlabankann, fryst þar í 5 ár og greiðist á 10 árum eftir það. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það af bankastjórum Seðlabankans hvort eða hvernig Seðlabankinn geti veitt fyrirgreiðslu í tengslum við kaup Landsbankans á 52% hlut SÍS í Samvinnubankanum.

Fyrir liggur að kaup Landsbankans á Samvinnubankanum eru liður í björgunaraðgerðum til handa Sambandinu, sem alls skuldar um níu milljarða króna. „Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hvaða afleiðingar það hefði úti í þjóðfélaginu, ef Sambandið yrði gjaldþrota," segir forsætisráðherra, sem segist líta á þessi kaup Landsbankans sem lið í björgunaraðgerðum til handa Sambandinu.

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins skuldar KEA (Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri) um 1,4 milljarða í Landsbankanum og er þar með annar stærsti skuldarinn við Landsbankann á eftir Sambandinu, sem skuldar 1,9 milljarða króna.

Í tengslum við fyrirhuguð kaup Landsbankans á Samvinnubankanum hefur Landsbankinn gert kröfur til þess að fá rekstrar- og söluáætlanir Sambandsins í hendur. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins hafa forsvarsmenn Sambandsins látið Landsbankanum í té lista yfir eignir sem fyrirtækið hyggst selja. Þar á meðal eru eignir eins og Krókháls 7, Osta- og smjörsalan, Snorrabraut 56 og hlutur Sambandsins í tollvörugeymslunni. Jafnframt hafa formenn stjórnarflokkanna og Guðjón B. Ólafsson, forstjóri Sambandsins rætt möguleikann á því að ríkið kaupi hlut Sambandsins í Íslenskum aðalverktökum sem sumir telja að geti verið yfir tveggja milljarða króna virði.

Sjá fréttaskýringu: Sambönd bjarga Sambandi bls. 16-17.